


Spámaður án heimalands



Odd Nerdrum: Flakkarl hermír eftir skjí. 1990.
Löngun í andlega fullvissu einkennir helstu myndir hans.

Í tæpan aldarfjórðung hefur Odd Nerdrum ögrað og skapraunað löndum sínum með málverkum sínum, hátterni og djarflegum ummælum um myndlist og menningarpólitik. Árið 1996 sá eitt stærsta síðdegisblað Norðmanna, Dagbladet, meira að segja ástæðu til að vara við áhrifum hans í ritstjórnargrein sem hlýtur að vera einsdæmi í vestrænu menningarsamfélagi á síðustu árum 20. aldar. Orsök þessarar geðshræringar Norðmanna er kannski sú að þeir hafa lengi verið meiri bókstafstrúarmenn í myndlist en nágrannaþjóðir þeirra. Þeir skírðust seint til móðernisma og nú, þegar sótt er að þeim átrúnaði úr öllum áttum, bregðast þeir við eins og páfadómur við trúvillingum forðum. Synd Nerdrums er að afneita forsendum móðernismans; hugmyndinni um hið sundraða sjálf, upplausn félagslegrar heildar, skörun kynhlutverkanna og ofurvægi hins samtímaliga í allri tjáningu. Þar með er hann að senda langt nef gjörvallri myndlistinni frá Cézanne til nútíðar.

Myndlist

Í staðinn hefur Nerdrum skapað sér myndveröld á skjön við myndlistarheiminn og notar til þess aðferðir Rembrandts, Caravaggios og stórsníllinga rómantikur á 19. öld.

Tónlist

Stefnir í jötunmóð

Fátt getur verið skemmtilegra en að syngja í karlakór einkum þegar um er að ræða jafn-ágætan kór og Karalakórinn Stefni en hann hélt árlega vortónleika sína 29. apríl í Varmárskóla í Mosfellsbæ. Vortónleikarnir voru reyndar tvennir, þeir seinni 1. maí, og hafa fyrri tónleikarnir kannski verið hugsaðir sem einhvers konar upphitun því þeir voru lítið auglýstir og áheyrendahópurinn þar af leiðandi fremur fámennur.

Verkefnaskrá kórsins samanstóð af íslenskum og erlendum lögum, nokkrum hefðbundnum karlakórlögum og fjórum nýlegri lögum eftir kórstjórnann Atla Guðlaugsson sem nú er að ljúka sínu fyrsta starfsári með kórnum. Lög Atla voru sérstaklega skemmtileg en hann var einnig höfundur að nokkrum útsetningum. Undirleikari var Sigurður Marteinson og kórinn naut jafnframt fulltingis rússnesks harmonikuleikara, Juri Fedorovs, og af leik hans að dæma má heita fullvíst að enn einum erlendum harmonikusníllingnum hafi skolað hingað á land.

Stefnir hóf upp raust sína með laginu Vor-

ur, skaddaðar á líkama og sál. Þær eru íklæddar daunillum dýrshúðum, kannski með höfuðföt fallinna flugmanna eða skriðdrekaforingja, en vopnaðar nýjustu hriðskotaríflum. Í þessu eyðilandi þarf maðurinn bæði að byggja upp nýtt samfélag og verða sér úti um nýja trú. Það er ekki síst löngunin í andlega fullvissu sem einkennir helstu myndir Nerdrums, sjá itrekaðar tilraunir sögupersóna hans til að fremja frumstæða seiði, áhuga þeirra á undarlegum skjámyndunum og eins konar bænastundir úti í náttúrunni.

Óhugnanlegur sannleikur

Af þessum myndum virðist ljóst að Nerdrum hafnar bæði kristinni trú og viðtekinni rökhyggju, sem hann telur á góðri leið með að steypa heiminum í glötun, en upphæfur þess í stað trúna á náttúruna, kannski vegna þess að hún er hvorki góð eða

Í leit að nýrri trú

Þessar aðferðir, að allega dramatíska ljós- og frásagnartækni, notar Nerdrum ýmist til að sviðsetja atburði úr einkalífi sínu, deila á viðtekinni þjóðfélagsviðhorf frá sjónarhorni stjórnlýsingjans eða spá fyrir um framtíðarhorfur vestrænnar menningar. Íðulega skarast þetta þrennt í málverkum hans.

Í augum Nerdrums er maður framtíðar tragísk vera, ekki ósvipaður Filoktetes þeim sem Sófokles fjallar um í einu leikrita sinna, hatursfullur og þjáður af illþefandi fótameini en svo snjall bogmaður að ekki reyndist unnt að vinna Trójuborg án hans.

Fyrir gagnkvæmt hatur slíkra manna og meðfylgjandi heimsstyrjöld hefur vestræn siðmenning breyst í rjúkandi rústir þar sem hrærast brjóstumkennanlegar mannver-


vond heldur fullkomlega hlutlaus og eilíf. Vitaskuld má deila á ýmislegt í niðurstöðum Nerdrums, ekki síst náttúruhyggju hans, en fáránlegt að setja út á þær myndlistarlegu forsendur sem hann gefur sér og aðferðirnar sem hann notar til að útlísta þær í málverki. Einkum og sérilagi nú þegar póstmóðernistar hafa grafið undan einsýni móðernismans og ýmiss konar frásagnarleg myndlist, ekki síst í formi risastorra ljósmynda, er útbreidd í sýningarsölum stórborganna.

Tæknileg snilld Nerdrums, sem ein og sér hefur farið í taugarnar á mörgum löndum hans, er auðvitað forsenda hinnar óhugnanlega sönnu útlistunar hans á mannlegum samskiptum, bæði fáránleika þeirra og innleika. Það má líka taka undir það sem Donald Kuspit segir í eftirmála glæsilegrar bókar um Nerdrum sem fylgir sýningunni á Kjarvalsstöðum að tæknilega snilldin sem virkjuð er til tjáningar mannlegrar þjáningar í málverki sé út af fyrir sig eins konar friðþæging hennar.

Nýjasta útspil Nerdrums, að kalla sjálfan sig „kitschmálara“, er sérvíska sem erfitt er að taka alvarlega, a.m.k. eins og málalíbúnaður listamannsins er vaxinn. Nerdrum skilgreinir „kitsch“ sem allrahanda einlæga alþýðulist sem „nútímaliststofnunin“ hefur úthýst. Hingað til hefur verið lítið á „kitsch“ sem einskisnýtt og yfirborðskent listlíki. Þau tilfinningalegu viðbrögð sem myndlist Nerdrums hefur vakið víða um heim eru ein og sér andsvör við útlæggingu hans á fyrirbærinu.

Aðalsteinn Ingólfsson

Sýningin stendur til 27. maí. Kjarvalsstaðir eru opnir alla daga frá kl. 10–17 nema miðv. til kl. 19.



Odd Nerdrum: Söngvaramir. 1988-'98.

Dagbladet norska sá ástæðu til að vara við áhrifum hans í ritstjórnargrein.

Hernám í hálföld



Herstöðvaandstæðingar minnst þess í kvöld kl. 21 að hálföld er liðin um þessar mundir frá því að bandarískur her settist hér að í annað sinn árið 1951. Dagskráin verður í íslensku óperunni og meðal þeirra sem þar koma fram eru Steinunn Þóra Árnadóttir og Kolbeinn Ottarsson Proppé sem flytja ávörp. Margrét Pálmadóttir stýrir Vox feminae, Eyjólfur Eyvindarson rappar, Bubbi Morthens og Guðmundur Pétursson gítarleikari syngja og leika og Hjalti Rögnvaldsson og Arnrun Þorsteinsdóttir lesa ljóð. Rappargrúpan XXXX Rottweilerhundar og þjóðlagakvartettinn Embla koma fram og kynnt verður ný útgáfa á Sóleyjarkvæði þeirra Jóhannesar úr Kötlum og Péturs Pálssonar. Lára Stefánsdóttir dansar frumsamið dansverk við hluta kvæðisins.

Kynnir á dagskránni er Arnar Jónsson leikari.

Blíðfínnur í fararbroddi

Þau tíðindi hafa borist að útgáfuráð Bertelsmanns, þýska bókafyrirséjans, hafi valið bók Þorvaldar Þorsteinssonar Ég heiti Blíðfínnur til að vera það sem þeir kalla „Spitzenbuch“ vorútgáfunnar 2002 hjá sér. Í þessu felst að bókin verður sett á oddinn í allri kynningarstarfsemi Bertelsmann næsta vor. Sérstök forútgáfa verður gerð sem send er bókabúðum og málsmetandi mönnum í þýsku bókmenntalífi. Þetta hefur mikla þýðingu fyrir söluhorfur á Blíðfínni í Þýskalandi og víðar.

Ég heiti Blíðfínnur en þú mátt kalla mig Bóbó kom út hér heima árið 1998 og sló eftirminnilega í gegn, enda er þetta margslungin saga fyrir fólk á öllum aldri, fyndin og einlæg og listilega vel skrifuð.

Norraent listatímarit



Það er alltaf gaman að fá í hendur nýtt tölublað af norræna listatímaritinu Nu sem gefið er út í Svíþjóð með styrk frá Norðurlandaráði. Þar eru greinar um listamenn frá Norðurlöndum og frá og með 2. hefti 2001 sinnir það líka list í

Eystrasaltslöndum. Meðal íslenskra listamanna sem skrifað hefur verið um í nýlegum heftum eru Þorvaldur Þorsteinsson (höfundur Blíðfínns) og Gabriela Friðriksdóttir. Í nýútkomnu hefti er löng grein eftir Halldór Björn Runólfsson um Magnús Pálsson þar sem þessi síungi listamaður er hylltur fyrir frumleika og dirfsku.

Netfang ritsins er nu@cisubs.co.uk ef þið viljið verða áskrifendur.

Kirkjulistahátíðir

Í gær hófst kirkjulistahátíð í Akureyrarkirkju og á uppstigningadag, 24. maí, hefst kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju í Reykjavík. Kl. 17 þann dag verður unndum kirkjulegrar tónlistar boðið að hlýða á Uppstigningaráratóriu Bachs sem flutt verður af Mótettukór og kammersveit kirkjunnar og fjórum einsöngvurum undir stjórn Harðar Áskelssonar.

Hátíðin stendur í tæpar tvær vikur og verður m.a. boðið upp á málþing um kirkjuarkitektúr (25. og 26. maí), hátíðarmessur, orgeltónleika, myndlistarsýningar og glæsilega hátíðartónleika 27. maí m.a. með Gunnari Guðbjörnssyni og hinna heimspökku sópransöngkonu Nancy Argenta. Merkið við í dagbökinni.

Skjalasöfn

Á hádegisfundi Sagnfræðingafélagsins kl. 12.05 á morgun í Norræna húsinu mun Kristjana Kristinsdóttir sagnfræðingur flytja erindi sem nefnist „Skjalasöfn í Þjóðskjalasafni Íslands“.

